



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2025
USK25020348

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 12. mars 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Nýr Landspítali við Hringbraut - breyting á deiliskipulagi - Sóleyjartorg

Lagt fram minnisblað Nýs Landspítala ohf., dags. 5. mars 2025, að breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut fyrir Sóleyjartorgs. Tilfærslur eru gerðar frá fyrra skipulagi á stigatengingu milli sunnanverðs Sóleyjartorgs og bílakjallara undir Sóleyjartorgi (nr. 37). Breytingin gerir ráð fyrir lyftu- og stigaaðgengi á sér byggingarreit undir hýsi yfir nýjan yfirbyggðan tröppugang og lyftur sem tengir báðar hæðir bílakjallara við yfirborð torgssvæðisins norðan Borgarlínustöðvar á Burknagötu. Um leið helst aðgengi starfsmanna spítalans greitt í Meðferðarkjarnann (MFK) K1, aðgreint frá aðalinngangi / anddyrisbyggingu, sem styður við eina af meginforsendum í hönnun MFK um aðskilnað á ólíku flæði. Sóleyjartorgi er skipt í fjögur svæði eftir áherslum í notkun. 1. Efra torg við Hrafnsgötu er dvalar-, leik- og upplifunarsvæði ásamt hluta tröppumannvirkis sem tengist aðalinngangi, móttöku, mötuneyti og kaffiteríu MFK sem liggur við Hrafnsgötu, um 550m². Undir efra torginu er aðalhjólageymsla fyrir starfsmenn spítalans. Miðt2. org er rampa- og tröppusvæði útfært set-, dvalar- og upplifunarsvæði framan við anddyrisbyggingu MFK um 750m². 3. Aðkomusvæðið við aðalinngang meðferðarkjarna ásamt sérstökum inngangi bráðamóttöku með hringakstri og sleppistæðum í neyðarerindum. Einnig er aðkoma í ramp bílakjallarans sem og nýtt lyftu- og stigahús á svæðinu sem er um 1.600m². 4. Suðursvæði myndast milli Borgarlínustöðvar og lyftu- og stigahúss og er aðkomu- og dvalarsvæði um 600m². Meginmarkmið á hönnun torgsins gengur út á að skapa samhengi, heild og flæði um allt torgið með áherslu á öruggt og greitt aðgengi almennings og eftir atvikum löggreglu í neyðarerindum. Einnig byggja undir fjölbreytileika og mismunandi upplifun í öruggu umhverfi fyrir gangandi og akandi, tryggja skýra hönnun með tilliti til rötunar í umhverfi sem hentar starfsfólk, sjúklingum og aðstandendum, borgarbúum og öðrum gestum. Öll hönnun og útfærsla á yfirborðsefnum og götugögnum torgsins skal vera einföld að gerð sem hindrar hvorki flæði né skapar hættu. Hýsið er almennt léttbyggt og skal skyggja sem minnst á aðalbyggingu Landspítalans. Þak skal vera léttbyggt og mynda skyggni yfir lyftudýrum. Veggir eru úr gleri. Gert er ráð fyrir að hægt sé að mynda tímabundnar útfærslur á skjólmyndun með setaðstöðu við hýsið með léttum færانlegum götugögnum, t.a.m. bekkjum og sóltjöldum, allt eftir árstíðum og aðstæðum hverju sinni, samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti og skýringarmyndum, dags. 6. mars 2025.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslagu nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins leggur fram svohljóðandi bókun:


Minnt er á tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins frá 24. apríl 2024 um að sérmerkt hjólarein verði lögð meðfram Fífilsgötu, samhliða endurgerð götunnar, og að hún verði




tengd hjólarein við Burknagötu. Æskilegt er að reiðhjólatengingar við Nýjan Landspítala séu bæði greiðar og samfelldar.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið


Fylgiskjöl: Deiliskipulagsupprættir og skýringarmyndir, dags. 6. mars 2025 ásamt minnisblaði, dags. 5. mars 2025.



GILDANDI DEILISKIPULAG, mkv. 1:1000. Staðfist í B deild Stjórnartíðinda 28. júlí 2023



BRETT DEILISKIPULAG, mkv. 1:1000




SNIÐ B, mkv. 1:1000, gildandi deiliskipulag


SNIÐ B, mkv. 1:1000, breytt deiliskipulag

SNIÐ D, mkv. 1:1000, gildandi deiliskipulag

SNIÐ D, mkv. 1:1000, breytt að deiliskipulag



ÚR ÁDALKIPULAGI



DEILISKIPULAG LANSÍPÁLANS VID HRINGBRAUT

Staðfist í B deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2013

- SKÝRINGAR**
- AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆDIS
 - AFMÖRKUN BREYTINGA
 - LÓÐAMÓRK
 - NÚVERANDI BYGGÐ
 - BYGGINGARREITUR
 - BYGGINGARREITUR BÍLGÝMSLU
 - NEDANJARDAR, 35 og 37
 - BORGARLÍNUSTÖÐ
 - TENGIBRÝR
 - BUNDIN BYGGINGARLÍNA
 - TENGINGANGAR OG NEDANJARDARMANVIRKI
 - FJARLÆÐAR BYGGINGAR
 - P BÍLGÝMSLA / BÍLASTEÐI
 - HJ REIDHÓLAGEYMSLA
 - L LEIKSVÆDI
 - MEGIN INNGANGAR
 - MEGIN ÁDKOMUR
 - 37 NÚMER VÍSA Í SÉRSKILMÁLA GREINARGERDAR
 - 5H HÁMARKSHÆÐAFJÖLDI BYGGINGA

Deiliskipulagsbreyting bessi sem fengur hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mrg. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var sambykkt i

pann 20... og í pann 20...

Tillagan var auglýst frá 20... með athugasemdfresti til 20...

Auglýsing um gildistu breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda pann 20...

Engar athugasemdir bárust við tillöguna á auglýsingartíma og var hún hví afgreidd endanlega

á pann 20...



Sóleyjartorg séð frá Burknagötu



Séð yfir Sóleyjartorg


NÝR LANDSPÍTALI
SPITAL
LANDSPÍTAL VIÐ HRINGBRAUT

EFNI:

MÆLIKVARÐI: 1:1000

DAGSETNING: 6. mars 2025

TEIKNINGARNÚMÉR: 30016
BREYTING:



SKÝRINGARMYND: SAMANTEKT Á BREYTINGUM GILDANDI DEILISKIPULAGS, mkv. 1:2000

Forsendur - úr greinargerð gildandi deiliskipulags

Sóleyjartorg liggur á milli Hrafngötu og Burknagötu. Vestanmegin er meðferðakjarni (MFk) sem er í byggingu, en að austanverðu er gert ráð fyrir dag-, göngu- og legudeild (DGL) sem eru samkvæmt deliskipulagi hluti af 2. áfanga. Heildarsærðið er opni til norðurs og suðurs. Norðan við er Hrafngata og gamli Landspítalinn í öðre vegi. Sunnan við er Burknagata og gert er ráð fyrir Borgarlínustöðum við aðkomu að spítalanum. Torgið er um 44,4 m á breidd 80 m á lengd og er um 3.550 m² að stærð.

Í samkeppnistiðlum sem skipulagið byggir á frá 2010 er eftirfarandi lýsing á „Aðaltorgi“, síðar kallað Sóleyjartorg. Þessi lýsing á einn við:

Gamla Landspítalnum er gefið andrými og aukíð vægi sem höfuðbygging við aðaltorgið á miðju Landspítalasvæðisins. Þor moetast allar umferðarkerfi svæðisins og almenningsvagnar stoppa. Torgi tekur upp heððarmun í landi með stórum og skrábrutum. Aðalinnangar hefur bygginga réttar fyrir ófyrirvara í tengslum við það.

Samkvæmt sambykktri deliskipulagsbreytingu Sóleyjartorgs frá apríl 2022 var nyrsta hluta þvergötunnar Blöðbergsgötu norðan Burknagötu lokð og áktusáðum undir Sóleyjartorg komið fyrir. Bílgýmslan er fyrir sjálklinga og gesti. Að öðru leyti eru staði í góttum og við Sóleyjartorg. Innkeyrni í bílgýmslu er hluti af eiginlegt heildarhönnun lóðarinnar þar sem bilaumferð er milduð með landmótum og umhverfisáðgerðum.

Greinargerð deiliskipulagsbreytingar

Breytta deliskipulug nærr til Sóleyjartorgs vegna tilfarslu stig- og lyftuhús. Sóleyjartorgi er skipt í fjögur svæði eftir áherslu í notkun:

- Efra torg við Hrafngötu er rölegt og örugg dvalar-, upplifunar- og leiksvæði fyrir börn og fullorðna ásamt hluta trúþópumannvirks sem tengist aðalinnangri, móttóku, mótneyti og kaffiteri MFk sem liggar við Hrafngötu, um 550m². Undir eftir torginu er aðalhólageymsla fyrir starfsmenn spítalanum.
- Miðtorg er rampa- og tröppusvæði útfært set-, dvalar- og upplifunarsvæði framan við andyrísbyggingu MFk um 750m².
- Aðkomusvæði við aðalinnangar meðferðarkjarna ásamt stérstökum innangang bráðamótökum með hringastrí og steplasteðum í neyðarerrindum. Einingi er aðkom a í ramp blíkkallarans sem nýtt lyft- og stigheus a svæðini sem er um 1.600m².
- Suðursvæði myndast milli Borgarlínustöðvar og lyftu- og stigahúss og er vistlegt aðkomu- og dvalsæði með áherslu a grður og götugögn um 600m².

Megimarknið a hönnun torgsins gengur út að skapa samhengi, heild og flæði um allt torgið með áherslu á öruggt og greitt aðgengi almenning og eftir atviki lögreglu í neyðarerrindum. Eining byggja undir fjölbreytileika og mismunandi upplifun í öruggu umhverfi fyrir gangandi og akandi, tryggja skyra hönnun með tiliti til rótunar umhverfis með hentar starfsfolki, sjálklingum og aðstandendum, borgarbúum og öðrum gestum.

Mikilvægt er að illi hönnun og útfæsla á yfirborðsefnum og götugögnum torgsins séu einfold að gerð, að hönnunin hindri hvorki flæði ne skapi haettu fyrir þá sem eiga erindi inn að torgið í neyðarerrindum.

Staðsetning og form hýsis yfir stig- og lyftuhús miðsæðvis á sunnanverðu Sóleyjartorgi

Tilfarslu eru gerðar frá fyrra skipulagi á stigatengingu milli sunnanverðs Sóleyjartorgs og bílgýmslu undir Sóleyjartorgi (nr. 37). Breytingin gerir ráð fyrir lyftu- og stigahólageymslu á sér byggjareit um hýsi yfir nýjan yfirborðströppung og lyftur sem tengir báðar haðar blíkkallarala við yfirborð torghverfisins norðan Borgarlínustöðvar á Burknagötu. Um leið helstu aðgengi sturtmanns spítalanum greitt í Meðferðarkjarnann (MFk) K1, aðgreint frá aðalinnangi / andyrísbyggingu, sem stýrð við eina af meginfor森um í hönnun MFk um aðskilnað a öliku flæði.

Sérskilmálar fyrir hýsi yfir stig- og lyftuhús

Hýsi er almennt lettbyggt og skal skyggja sem minnst að aðalbyggingu Landspítalans. Það skal vera lettbyggt og mynda skyggi yfir lyftudýrum. Veggir eru úr gleri. Gert er ráð fyrir að hægt sé að mynda tímabundnar útfarslu á skjólmundun með setaðstöðum við hýsi með léttum feranlegum götugögnum, t.a.m. bækjum og sóltjóldum, allt eftir árstínum og aðstæðum hverju sinni.


Hjólageymsla

Undir eftir hluta Sóleyjartorgs er komið fyrir hjólageymslu. Um hjólageymslu gilda sérskilmálar fyrir hjólageymslur nr. 36, sbr. gr. 13 í greinargerð deliskipulags.

Endanlegt samþykki á útfærslu að Sóleyjartorgs

Vinnu skal endanlega hönnun Sóleyjartorgs í samstarfi við sérfræðinga á skrifstofum skipulagsfulltrúa og samgöngutöra, og beru niðurstöður um umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurþingar.

Að öðru leyti gildir Deliskipulag NLSP/HSPITAL staðfist í B deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2013 þar sem gerð er grein fyrir heilstu for森um, stefnu og skilmálu fyrir deliskipulagið og for森um aðalskipulags.



NÝR LANDSPÍTALI
SPITAL

LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

EFNI: DEILISKIPULAGSBREYTING
SKÝRINGARMYNDIR

DAGSETNING: 6. mars 2025

TEIKNINGARNÚMER:
BREYTING:

30018



NÝR LANDSPÍTALI
SPITAL

LANDSPÍTALI VIÐ HRINGBRAUT

EFNI: DEILISKIPULAGSBREYTING
SKÝRINGARMYNDIR

DAGSETNING: 6. mars 2025

TEIKNINGARNÚMER:
BREYTING:

30019

MINNISBLAÐ

Breyting á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut

DAGSETNING	SENDANDI	MÓTTAKANDI
5. mars 2025	Nýr Landspítali ohf.	Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Málefni minnisblaðs:

Erindi NLSH um breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut Sóleyjartorg

Þann 12.6.2023 var lögð inn umsókn til Reykjavíkurborgar, af hálfu NLSH, um breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut, skipulagsuppráttur dagsettur 9.6.2023. Breytingin tók til þess svæðis sem í heild hefur verið nefnt Sóleyjartorg. Erindið snérist um stiga- og lyftuhús með þaki. Erindið hafði verið unnið með Reykjavíkurborg í nokkra mánuði þar á undan í góðu samstarfi.

Þegar samstaða hafði náðst um tillöguna á milli aðila var á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. ágúst 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 31. ágúst 2023 samþykkt að auglýsa umrædda tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Meginmarkmiðið með tillögunni er að geta búið til lyftuaðgengi (aðgengi fyrir alla) og yfirbyggjt stigasvæði á milli beggja hæða bílakjallara við aðkomusvæði m.a. vegna almenningssamgangna og aðkomu starfsmanna.

Eftir að auglýsingaferli lauk, var málinu frestað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22.11.2023. Athugasemd barst.

Um nokkurt skeið hafa NLSH og Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið, unnið í góðu samstarfi að útfærslu svæðisins og niðurstaðan kemur vel á móts við athugasemd, en einnig hefur með aukinni vinnu verið lögð áherslu á gildi Sóleyjartorgsins.

Í framhaldi af yfirferð aðila þá hefur NLSH einng tekið saman hjálagt minnisblað „20250305 - Minnisblað NLSH deiliskipulag Sóleyjartorgs“ þar sem kostir svæðisins á Sóleyjartorgi eru raktir, stærð þess í samanburði við önnur torg tekin saman og nálægð Landspítalalóðar við Einarsgarð tilgreind.

Með minnisblaði þessu leitast NLSH við að skýra sína sýn á heildarsvæðið sem myndar m.a. öll svæði svokallaðs Sóleyjartorgs og mikilvægi þess með tilliti til ólíkra þátta og starfsemi bráðasjúkrahúss.

Rétt er að geta þess að í fylgiskjöldum A-C eru einnig uppfærðar hönnunarmyndir sem ekki eru í þessu minnisblaði.

Sóleyjartorg liggar á milli Hrafngötu og Burknagötu. Vestanmegin er meðferðakjarni (MFK) sem er í byggingu, en að austanverðu er gert ráð fyrir dag-, göngu- og legudeild (DGL) sem er samkvæmt deiliskipulagi hluti af 2. áfanga. Heildarasvæðið er opið til norðurs og suðurs. Norðan við er Hrafngata og gamli Landspítalinn í öndvegi. Sunnan við er Burknagata og gert er ráð fyrir stoppistöð

Borgarlínu við aðkomu að svæðinu. Heildarsvæðið er um 44,4 m á breidd og 80 m á lengd og er því um 3.500 m² að stærð.

Í samkeppnistillögu vinningshöfunda og síðar höfunda deiliskipulags frá 2010 er eftirfarandi lýsing á „Aðaltorgi“ sem er fyrst í samkeppninni kallað Sóleyjartorg. Þessi lýsing á enn við:

Gamla Landspítalanum er gefið andrými og aukið vægi sem höfuðbygging við aðaltorgið á miðju Landspítalaðsvæðisins. Þar mætast allar umferðarleiðir svæðisins og almenningsvagnar stoppa. Torgið tekur upp hæðarmun í landi með stöllum og skábrautum. Aðalinngangar helstu bygginga eru frá torgi eða í tengslum við það.

Vert er þó að geta þess að einn af aðalinngöngum er frá Hrafngötu, svokölluðu efra torgi.



Í skipulagsskilum seigir að frágangur milli upphögningaráfanga á Landspítalaðsvæðinum skalur vera til fyrirmyndar og taka mið af mikilvægi staðsettunarar í borgarnymndini og starfsemi sveðsins.


Mynd 1: Skýringarmynd, aðaltorg 1. Áfanga

Sóleyjartorgi, heildarsvæðinu, er skipt í fjögur svæði sem eru:

- **Efra torg** sem er dvalar- og upplifunarsvæði og hluti tröppumannvirkis. Einnig er innan þessa hluta tröppumannvirkni sem tengir saman efra og neðra torg. Tengt efra torginu er einn af aðalinngöngum MFK. Stærð svæðisins er um 550m².
- **Miðtorg** sem er tröppumannvirknið sem og set-, dvalar- og upplifunarsvæði framan við anddyrisbyggingu MFK. Stærð svæðisins er um 750m².
- **Aðkomusvæðið** er svæði að einum af aðalinngangi með ferðarkjarna og sérstökum inngangi bráðamóttöku með hringakstri og sleppistæðum. Á þessu svæði er einnig rampur niður í bílakjallara og lyftu- og stigahús bílakjallara. Stærð svæðisins er um 1.600m².
- **Suðursvæði** myndast milli borgarlínustöðvar og lyftu- og stigahúss og er aðkomu-, dvalar- og upplifunarsvæði. Stærð torgsins er rúmir 600m².

Meginmarkmið hönnunar:


- Skapa samhengi og heild – hjarta svæðisins.
- Skapa flæði um allt torgið með aðgengi fyrir alla.
- Skapa fjölbreytileika og mismunandi upplifun.
- Skapa öruggt umhverfi fyrir gangandi og akandi.
- Tryggja skýra hönnun með tilliti til rötunar.
- Skapa umhverfi sem hentar bæði gestum, sjúklingum og starfsfólki spítalans sem og öllum borgarbúum.



Mynd 2: Skýringarmynd, svæðaskipting

Efra torg

Efra torgið tengist aðalinngangi, móttöku, mötuneyti og kaffiteríu MFK sem liggur við Hrafnsgötu. Gert er ráð fyrir að mötuneytið og kaffiterían verði opin öllum. Kaffiterían mun hafa beint aðgengi út á efta torgið þar sem hægt verður að sitja úti í góðu veðri og njóta veitinga og útvistar. Á efta torgi er gert ráð fyrir leiksvæði fyrir börn samkvæmt deiliskipulagi og það mun falla vel að útvistarsvæði veitingabjónustu sem opnast út á torgið.



Mynd 3: Aðalinngangur frá Hrafngötu, móttaka, kaffitería og mötuneyti

Í vinnslu er að stækka eftir torgið þannig að fleiri getið notið þess sem dvalar- og upplifunarsvæðis í nálægð við gamla Landspítalann. Leitast verður við að hafa ásýnd torgsins sem fyrirferðarminnst til að hindra ekki sýn á gamla Landspítalann. Undir eftir torginu er gert ráð fyrir hjólageymslu fyrir starfsmenn spítálans sem ýtir undir vistvæna samgöngumáta. Einnig er gert ráð fyrir hjólum gesta, en slík stæði eru opin. Aðgengi að hjólageymslu er fyrst og fremst frá Burknagötu þar sem eru hjólastigar, en einnig frá Hrafngötu með notkun göngurampa. Við Hrafngötu eru hjólareinar.



Mynd 4: Eftir torg við Hrafngötu



Mynd 5: Efra torg, stemmningsmyndir


Miðtorg

Töluverður hæðarmunur er milli Burknagötu og Hrafnsgötu eða um 4,6-4,8 metrar. Til að tryggja aðgengi allra er byggt tröppu- og rampamannvirki sem gengur á víxl í gegnum tröppurnar. Þessar tröppur og rampurinn tryggja gott flæði milli eftir og neðra torgs og um svæðið sem gönguleið, set- og dvalarsvæði. Gert er ráð fyrir blöndu af gróðri og lýsingu í tengslum við tröppu- og rampamannvirkið.

Aðalaðkoma meðferðarkjarna er á þessum hluta Sóleyjartorgs um anddyrisbyggingu. Austan við anddyrisbygginguna gefst einnig svigrúm til að vinna með gróður, útvistar- og setsvæði.



Mynd 6: Ásýnd á miðtorgið séð frá aðkomusvæði



Myndir 7, 8 og 9: Stemningsmyndir sem sýna set- og dvalarsvæði

NLSH efndi til samkeppni meðal listamanna árið 2023 um listaverk á Sóleyjartorgi í samstarfi við Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Að undangengnu forvali voru sex aðilar valdir til að skila tillögum í samkeppnina. Niðurstaðan var kynnt í árslok 2023 og er það ætlun verkkaupa að semja við vinningshafa í samkeppnni til að gæða torgið listfengi þeirra listaverka sem unnu til verðlauna. Vinningstillagan í samkeppnni setur svip sinn á anddyrisbyggingu meðferðarkjarna. Vinningstillagan er verkið *Upphof* eftir Þódísí Erlu Zoëga.



Mynd 9 og 10: Listaverkið *Upphof*



Aðkomusvæði

Þetta er só hluti Sóleyjartorgs sem er sunnan anddyrisbyggings meðferðarkjarna. Á þessu svæði er aðkoma að bráðamóttöku meðferðarkjarna sem liggar sunnan við anddyrisbyggingu. Á þessum hluta torgsins er einnig rampur niður í bílastæði undir Sóleyjartorgi. Aðkoma í bílageymslu er frá Burknagötu. Aðkoma að sleppistæðum við bráðamóttöku er á sama legg og aðkoma í kjallara. Skilgreint verður svæði á gatnamótum við innkeyrslu að bráðamóttöku, þar sem ekki verður heimilt að leggja eða stöðva bifreiðar nema í mjög skamman tíma. Þá verður útfærslu gatnamótanna þannig háttað að akstur inn að skammtímastæðum bráðamóttöku verður í forgangi. Þetta er gert til þess að tryggja forgangsakstur sjúklinga og aðstandenda að bráðamóttöku. Á aðkomusvæði verða staðsett sleppistæði, stæði ætluð hreyfihömluðum, stæði fyrir stærri bíla ferðabjónustu fatlaðra eða bíla með lyftubúnað og svo sérstakt stæði ætlað lögreglu. Bílastæði á landi verða merkt sem skammtímastæði, t.d. 15 mínútna stæði. Skammtímastæði á torginu eru samtals 16. Þarfagreining spítalans sem tekur

mið af þörfum núverandi bráðamóttöku í Fossvogi metur þörfina vera 20 - 25 stæði fyrir þetta svæði en það næst ekki með góðu móti. Mikilvægt er þó fyrir aðstandendur að tryggja að hægt sé að koma með þessum hætti að bráðamóttökunni með slasaða og bráðveika.

Undir torginu er bílageymsla á tveimur hæðum og er ekið í kjallarann frá Burknagötu að rampi sem staðsettur er á torginu. Útfærsla á niðurkeyrslu í ramp verður þannig gerð að hún sé aðlaðandi og falleg. Uppi eru hugmyndir um að vinna með lýsingu og pergólu. Bílageymslan tekur 164 bíla og er ætluð gestum og sjúklingum spítalans og þá sérstaklega bráðamóttöku. Beint aðgengi er úr bílageymslu í anddyrisbyggingu meðferðarkjarna og móttöku hennar í gegnum lyftu- og stigahús.



Mynd 11 og 12: Dæmi um pergólu yfir innkeyrslurampi

Neyðaraðkoma sjúkrabíla að bráðamóttöku er á landi frá Burknagötu og fer ekki um Sóleyjartorg.




Mynd 13: Dvalarsvæði á aðkomusvæði

Lyftu- og stigahúsið á aðkomusvæðinu er bæði flóttaleið úr bílakjallara og starfsmannainngangur starfsfólks meðferðarkjarna. Á hæðinni sem kallast K1 í meðferðarkjarna, sem er efri hæð bílakjallara, er sein tenging við búningsklefa starfsfólks. Tenging á þessum stað er afar mikilvæg til að stytta annars langar aðkomuleiðir starfsmanna.

Flæðisgreiningar gera ráð fyrir að allt að 1.000 manns séu að koma til vinnu (að meðtoldum nemum) að morgni virks vinnudags. Vissulega dreifist sá fjöldi á aðra innganga einnig en með tilliti til almenningssamgangna og bílastæða má gera ráð fyrir að mestur fjöldi starfsmanna komi inn um þennan inngang eða allt að 700 manns. Á sama tíma er næturvakt á leiðinni heim sem notar sömu innganga.

Ein af meginforsendum í hönnun meðferðarkjarna er aðskilnaður á ólíku flæði. Þess vegna er þetta einnig mikilvægt atriði bæði vegna vegalengdar og öryggis- og sýkingavarnarsjónarmiða að aðskilja flæði starfsmanna sem eru að mæta til vinnu og sjúklinga eða aðstandenda þeirra sem eiga annars konar erindi í meðferðarkjarna. Noti starfsmenn aðalinngang meðferðarkjarna lengir það leið þeirra að búningsklefum um a.m.k 120 metra. Verði lyftu- og stigahús staðsett nær meðferðarkjarna, á sunnanverðu torginu, heftir það aðkomu lögreglu og annarra viðbragðsaðila sem þurfa að eiga greiðan aðgang að enda svokallaðs suðurgangs bráðamóttöku (sjá teikningu).



Mynd 14: Aðkoma lögreglu og bráðamóttöku á aðkomusvæði

Margar hönnunarlausnir má nýta til að léttá á lyftu- og stigahúsi gagnvart ásýnd Sóleyjartorgs þótt mikilvægt hlutverk þess fái að halda sér. Tengja má bæði gróður, léttbyggt glerhús og létt þak við aðra yfirborðsmeðhöndlun Sóleyjartorgs.

Samantekt á meginástæðum þess að mikilvægt er að lyftu- og stigahús verði staðsett til miðsvæðis á sunnanverðu Sóleyjartorgi:

- Heildarhönnun bílakjallara með tilliti til nýtingar hans, einfaldleika, flæðis og öryggis.
- Hönnun bílakjallara með tilliti til umferðarflæðis innan hans og á Sóleyjartorgi.
- Hönnun með tilliti til nálægðar við stoppistöð Borgarlínu.
- Staðsetningar flóttaleiða úr bílakjallara m.v. fjarlægðir í næstu flóttaleið - öryggismál.
- Staðsetning með tilliti til aðkomu starfsmanna að búningsklefum á K1 í meðferðarkjarna.
- Staðsetning lyftu- og stigahúss að teknu tilliti til uppbyggingar austan Sóleyjartorgs og nýtingar þess bæði til austurs og vesturs í bílakjallara.
- Staðsetning truflar ekki viðbótar neyðaraðkomu viðbragðsaðila að bráðamóttöku.


Hönnuðir hafa unnið tvær tilögur að lyftu- og stigahúsi.

Tillaga A:



Tillaga A: er með flötu þaki í ca. 2.800 mm hæð. Að norðanverðu er glerveggurinn inndreginn að lyftuhúsinu og myndar þá útisetsvæði undir skyggni. Lyftuhúsið gengur svo 1.000 mm upp úr þakinu, í 3.800 mm hæð.

Tillaga B:



Tillaga B: er með hallandi þaki, með mestu hæð 3.800 mm, sama og efsti punktur á lyftuhúsi.

Suðursvæði

Er á milli borgarlínustöðvar og aðkomusvæðis. Um er að ræða torgsvæði sem yrði útfært sem dvalar- og upplifunarsvæði. Hér er aðalaðkoman inn á Sóleyjartorg og mikilvægt að þessi hluti taki vel á móti þeim sem þangað koma og að ljóst sé hvert skal halda.



Mynd 15: Borgarlína, suðursvæði og starfsmannainngangur

Frágangur Sóleyjartogs almennt

Eins og áður hefur komið fram er hönnun á yfirborðsfrágangi Sóleyjartogs ekki lokið. Á torginu gefst tækifæri til að vinna með vandaðan frágang á yfirborði sem og uppbyggingu gróðurbeða með litríkum gróðri í tengslum við setsvæði eftir því sem við á. Þá verður spennandi að sjá útfærslu á listaverki í anddyrisbyggingu meðferðarkjarna sem gefur fyrirheit um fallega og bjóðandi aðkomu.

Þá verður unnið með lýsingu með hliðsjón af BREEAM kröfum sem tilgreina að þess verði gætt að lýsing sé viðeigandi, trufli ekki starfsemina inni í aðliggjandi húsum og veiti öryggistilfinningu og vellíðan.

Gróður verður almennt lággróður á Sóleyjartorgi bæði með tilliti til ásýndar á gamla spítalann sem og vegna mikilvægis rötunar sem hluti af aðkomu á bráðasjúkrahús. NLSH hefur unnið með erlendum ráðgjöfum sem sérhæfa sig í rötun og verður unnið áfram með þeim aðilum að útfærslu þessa mikilvæga aðkomusvæðis nýrrar aðalbyggingar Landspítala.




Mynd 16 og 17: Stemmningsmyndir fyrir gróður

Stærð Sóleyjartorgs (öll fjögur svæðin)

Til þess að gera sér grein fyrir stærðum á svæðinu þá hefur NLSH nú borið saman öll þau fjögur svæði sem mynda Sóleyjartorg við þekkt svæði í Reykjavík. Samanburður er gerður á nokkrum torgum til þess að átta sig betur á stærð og hlutfalli torgs á lóð Landspítala sem hefur vinnuheiðið Sóleyjartorg. Samanburður er unnin af Pétri Jónssyni landslagsarkitekt, Eflu.

Ef bornar eru saman stærðir allra svæðanna sem mynda Sóleyjartorg við nokkur þekkt torg þá má meta stærðarhlutfall þeirra torga miðað við Sóleyjartorg.

	Hringbraut	Austurvöllur	án bygginga	m byggingum	Óðinstorg	Lækjartorg
Alls	3500	3600	1225	1530	750	1300
Sóleyjartorg	3500	1,0	2,9	2,3	4,7	2,7
Efra torg	550	0,2	0,4	0,4	0,7	0,4
Miðtorg	750	0,2	0,6	0,5	1,0	0,6
Aðkomusvæði	1600	0,4	1,3	1,0	2,1	1,2
Suðursvæði	600	0,2	0,5	0,4	0,8	0,5



Sóleyjartorg er ápekkt að stærð og þrjú Ingólfstorg.

Hér er „klipp“ af deiliskipulagsuppdrátti svæðisins og stærðir Ingólfstorgs settar inná uppdrátt í réttum hlutföllum.

Þá er Sóleyjartorg er ápekkt að stærð og Lækjartorg, Óðinstorg og Ingólfstorg, sjá stærðir þessara torga í mismunandi litum sett ofan á Sóleyjartorg.



Austurvöllur og Sóleyjartorg er ápekk að stærð, Austurvöllur um 3600 m², Sóleyjartorg um 3700 m².




Sóleyjartorg, gróf uppskiptin á torginu, torgið er sem heild samanstendur af tveimur torgum, eftir torg og miðtorg en einnig aðkomusvæði og suðursvæði sem mynda saman eitt Sóleyjartorg.



Einarsgarður – Endurreisn

Við gerð deiliskipulags Landspítalalóðar á árunum 2010 til 2013 og þeirrar fyrirhuguðu uppbyggingar sem nú stendur yfir við Hringbraut var því haldið til haga, af Reykjavíkurborg, að það svæði sem Einarsgarður skapar og sú nálægð sem það svæði á við Landspítalalóðina yrði tækifæri til endurreisnar garðsins. Hugmyndir voru þá að ganga á austurhluta garðsins sem nýtt byggingarsvæði.



Eins og segir um garðin þá er Einarsgarður snotur, lítill almenningsgarður er liggur fyrir ofan Hringbraut og fyrir neðan móti Laufásvegar og Barónsstígs, til móts við hús gamla Kennaraskólans. Einarsgarður á rætur sínar að rekja til Gróðrarstöðvarinnar sem starfaði þar milli 1899 og 1931. Garðurinn heitir í höfuðið á Einari Helgasyni garðyrkjufræðingi.

Gróðrarstöðin starfaði í landi Hallskots sunnan við Þingholtin milli 1899 og 1931 og fór þar fram ýmis garðyrkja á yfir 4 hektara svæði undir stjórn Einars. Mikið af eldri trjám Reykjavíkur eiga uppruna sinn í gömlu Gróðrarstöðinni. Gróðrarstöðin lagðist niður 1931 og árið 1943 varð skrúðgarður hennar eign Reykjavíkur og var breytt í almenningsgarð. Þá voru gerð trjá- og blómabeð, lagðar grasflatir og byggðar steinhæðir ásamt stígum. Garðurinn var opnaður almenningi árið 1948. 1954 var höggmyndin Pomona eftir danska listamanninn Johannes Bjerg vígð.

Garðurinn var fyrir áratugum vel sóttur af borgarbúum, sem vin í nálægð Landspítala, Umferðarmiðstöðvar, Kennarahússins og íbúa í nálægum hverfum s.s. Miðborgar og Hlíðum.

NLSH leggur áherslu á að ennþá sé unnið að þeirri endurreisn Einarsgarðs, sem stefnt var að. Tækifæri er til að skapa með Einarsgarði að nýju sem vin þ.a. hvoru tveggja verði hægt að sækja á þau svæði Sóleyjartorgs sem nýast til útiveru en einnig í Einarsgarð þar sem stutt er frá Landspítala – „það er kippkorn í garðinn“.

